

Mál nr. 369. Hálendisþjóðgarður

Ég undirrituð fagna heilshugar frumvarpi Umhverfisstjórnar um Hálendisþjóðgarð og ber þá von í brjósti að hún verði samþykkt.

Það er mál til komið að við Íslendingar áttum okkur á hversu dýrmæta og gjöfuga náttúru við eigum og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda hana, ekki bara fyrir okkur heldur ekki síður fyrir komandi kynslóðir. Nú er kominn tími til að við spyrjum hvað við getum gert fyrir náttúrun en ekki hvað getur náttúran gert fyrir okkur.

Ég tel að þjóðgarður á hálendinu sé mikilvægur:

- til að vernda þá dýrmætu auðlind sem við eigum í stórbrotinni náttúru Íslands.
- til að halda utan um hvernig við umgöngumst hálendið,
- til að sporna við að virkjað verði hömlulítið (styð umhverfisstjórnar heilshugar í að stoppa allar virkjanir innan þjóðgarðsins).
- til að hafa umsjón með ferðamönnum á hálendinu
- til að setja reglur um hvernig við umgöngumst hálendið
- til að vernda hálendið fyrir komandi kynslóðir
- til að efla ferðaþjónustu á hálendinu undir eftirliti
- til að skipuleggja betur lausagöngu fjár og sjá til þess að landið verði sjálfbært.

Mér finnst skynsamlegt að gjald verði tekið af ferðamönnum þegar þeir koma inn í landið til að standa straum af kostnaði og viðhaldi þjóðgarðsins.

Mér líst mjög vel á hvernig áætlað er að skipta þjóðgarðinum í svæði og að sveitarfélög í kringum landið verði virk og hafi áhrif á sínu svæði. Það getur virkað mjög vel fyrir sveitarfélögin til að efla ferðaþjónustu og koma með eigin hugmyndir á sínu umráðasvæði.

Að lokum vona ég að þingheimur sé nægilega framsýnn til að samþykkja þetta löngu tímabæra frumvarp.

Eftir hverju erum við að bíða?

Virðingarfyllst,

Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir,
Garðabæ 30.01 2021